

**Sp.**

**1083. Svar**

**[493. mál]**

tryggingamálaráðherra við fyrirspurn frá Hreggviði Jónssyni um útreikning á hækkun tryggingariðgjalda af bifreiðum.

*1. Hvaða gögn þurfa tryggingafélögin að senda Tryggingaeftirliti ríkisins vegna umsókna um hækkun iðgjalda bifreiðatrygginga og hve oft á ári?*

Gagnaöflun er þríþætt:

1. Sérstök gagnasöfnun í tengslum við mat á iðgjaldþörf í febrúar á hverju ári.

2. Árleg skil á gögnum með ársreikningum félaganna á þar til gerðum eyðublöðum í samræmi við lög um váttryggingarstarfsemi og reglugerðir settar samkvæmt þeim.
3. Sérstakar athuganir gerðar hjá váttryggingafélögum af löggiltum endurskoðanda og þegar tilefni er til.

Gögnin, sem aflað er sérstaklega frá hverju félagi vegna mats á iðgjaldabörf í ökutækjatrýggingum, eru þessi:

- Bókfærð iðgjöld nýlokens reikningsárs.
- Yfirfærð iðgjöld til næsta árs með skiptingu á fyrirfærslur vegna endurgreiðslna sökum kostnaðar- og öryggisálags.
- Greidd tjón á reikningsárinu með skiptingu eftir tryggingarárum, þ.e. eftir því á hvaða ári tjónið varð og með skiptingu í slysatjón og munatjón.
- Áætluð óuppperð tjón í árslok skipt með sama hætti og greiddum tjónum en einnig með tilliti til tilkynnta tjóna, áætlun fyrir ótilkynntum tjónum og öryggisálagi.
- Greidd og ógreidd sjálfsábyrgð þess sem ábyrgð ber á tjóni í lögboðnum ábyrgðartryggingum ökutækja.
- Fjöldi slysa- og munatjóna.
- Fjöldi útgefina skírteina við endurnýjun.
- Fjöldi skírteina í árslok.
- Meðalbónus við endurnýjun.
- Greidd umboðslaun.
- Áætlaður rekstrarkostnaður.
- Upplýsingar félaganna samkvæmt fyrri ársreikningum til útreikninga á því hvernig fyrri áætlanir og útreikningar hafa staðist (matshættu).
- Könnun á eiginfjárstöðu félaganna gerð at endurskoðanda Tryggingaeftirlits.

Auk þess er aflað gagna frá samstarfsnefnd bifreiðatrýggingafélaganna um einstaka þætti iðgjaldaskrár og athugana á tjónareynslu eftir áhættusvæðum, áhættuflokkum, bónusflokkum og eftir einkennisstofum bifreiða.

## *2. Skoðar Tryggingaeftirlit ríkisins undirgögn rekstrar- og efnahagsreiknings í hverju félagi um sig vegna mats á hækkun iðgjalda?*

Undirgögn rekstrar- og efnahagsreiknings eru athuguð á hverju ári í tengslum við ársuppgjör félaganna. Samkvæmt lögum um váttryggingarstarfsemi ber hverju félagi að senda Tryggingaeftirlitinu árlega ítarlegar sundurliðanir á efnahags- og rekstrarliðum á þar til gerðum eyðublöðum, svo sem nánar er kveðið á um í reglugerðum sem settar hafa verið. Skil á þeim gögnum hafa almennt verið mjög góð.

Tryggingaeftirlitið hefur löggiltan endurskoðanda í þjónustu sinni sem gerir reglulega kannanir hjá félögunum og athugar sérstaka þætti sem Tryggingaeftirlitið telur þörf á. Þau undirgögn, sem sérstaklega er aflað í tengslum við mat á iðgjaldabörf, voru talin upp í 1. lið.

Ef átt er við með spurningunni hvort farið sé sérstaklega í gegnum einstök fylgiskjöl í bókhaldi félaganna þegar verið er að meta iðgjaldabörf er svarið nei. Tryggingaeftirlitið getur lögum samkvæmt hvenær sem er athugað fylgiskjöl váttryggingafélaga og gerir svo þegar ástæða þykir til. Slíkt þjónar að mati eftirlitsins ekki tilgangi hverju sinni við mat á iðgjaldabörf. Tryggingaeftirlitið hefur á hinn bóginn borið saman þau undirgögn sem aflað er við mat á iðgjaldabörf og endurskoðað gögn samkvæmt ársreikningum og ekki fundið misræmi þar á milli sem áhrif hefði haft á mat iðgjaldabreytinga.

3. *Hvaða vinnulagsregla liggur til grundvallar samþykki á iðgjaldabreytingu hjá Tryggingaefirliti ríkisins:*
- Er kostnaður við fjármögnun rekstrar- og efnahagslíða metinn og þá hvernig?*
  - Skóðar Tryggingaefirlit ríkisins sérstaklega fjárbindingu tryggingafélaganna, annars vegar hjá almennum skuldunautum vegna tjóna og trygginga og hins vegar á verðbréfamörkuðum og hjá bifreiðauboðum? Ef þessi skoðun fer fram hvert er hlutfall fjárbindingar þar á milli?*
  - Notar Tryggingaefirlit ríkisins vegið meðaltal í mati á hækkunarþörf bifreiðatrygginga?*
- a. Ráðuneytinu er ekki ljóst hvað átt er við með þessari spurningu. Tjónagreiðslur, rekstrarkostnaður og önnur útgjöld eru fjármögnuð með tekjum félagsins, iðgjaldatekjum og fjármunatekjum sem eignir félags gefa af sér. Samhengið milli þessara þátta kemur fram í ársreikningum félaganna og er athugað við mat á stöðu þeirra. Við mat á iðgjaldþörf er rekstrarkostnaður ökutækjatrygginga metinn sérstaklega, svo og þær fjármunatekjur sem bótasjóður og iðgjaldasjóður mynda og tekið tillit til þessara þátta við mat á iðgjaldagrundvellingnum.
- b. Vísað er til svars við 2. fyrirspurn. Þessir þættir eru athugaðir reglulega í tengslum við ársuppgjör félaganna þegar endurskoðun er lokið og ársreikningar sl. árs liggja fyrir. Áhersla er lögð á athugun á ávöxtun fjármuna og öryggi útistandandi skulda og verðbréfa.
- Óvissuþættir í sambandi við spá um iðgjaldþörf eitt ár fram í tímann eru margir og slíkir að sérstök athugun á þessum þætti skilaði ekki erindi sem erfiði. Óvissan um tjónafjölda og stærð tjóna í framtíðinni vegur hér langþyngst, einkum líkamstjónin og bótagrundvöllur þeirra.
- c. Ef átt er við hvort meðaltalsbreyting iðgjalda, sem reiknuð er út fyrir tryggingastofninn í heild, sé reist á vegnu meðaltali er svarið já. Tjónakostnaðurinn er veginn með stærð einstakra félaga.
- Niðurstaða eftirlitsins eftir að hafa aflað gagna um tjónareynslu félaganna síðan 1974 er sú að stofninn sé það lítil hér á landi og sveiflur það miklar milli ára að ekki sé unnt að ákvarða hverju félagi fyrir sig ákveðna hækkunarprósentu fyrir komandi ár. Öryggi í rekstri þessara váttryggingagreina fæst því aðeins að stuðst sé við meðaltalsreynslu stofnsins í heild sem jafni út sveiflur milli ára þegar til lengri tíma er litið. Þetta á við um allar váttryggingagreinar hér á landi. Vegið meðaltal er einnig notað þegar verðlagsbreytingar milli ára eru metnar út frá skiptingu tjónagreiðslna almennt á einstaka þætti, svo sem útselda vinnu, verð varahluta og nýrra bifreiða, launaþróun o.s.frv.
4. *Hefur Tryggingaefirlit ríkisins lagt mat á flokkun tryggingariðgjalda eftir bifreiðagerðum? Hvert er vægi innkaupsverðs bifreiða og hvernig er tjónatíðni hverrar bifreiðategundar fyrir sig fundin?*

Til grundvallar flokkun eftir tegundum bifreiða er lagt vélarafli og vélarstærð en í húftryggingu einnig viðgerðarkostnaður einstakra tegunda. Innkaupsverð bifreiða er ekki notað við skiptingu í flokka. Kannanir hafa verið gerðar á tjónatíðni og tjónahlutföllum samkvæmt þeirri flokkun sem iðgjaldaskráin er reist á. Vegna þess hve stofninn er lítil í hverjum flokki eru sveiflur mjög miklar milli ára. Tjónatíðni er fundin með venjulegum hætti sem fjöldi tjóna á móti fjölda váttryggðra eininga (bíllára) í hverjum flokki fyrir sig (ekki fyrir hverja tegund).

5. Hefur Tryggingaefirlit ríkisins skoðað forsendurnar fyrir mismunandi iðgjöldum eftir landshlutum? Hvert er vægi iðgjalda í hverjum landshluta fyrir sig og hvert er hlutfall tryggðra bifreiða, sem lenda í tjónum á hverju áhættusvæði fyrir sig, og á hvaða áhættusvæðum eru þær tryggðar?

Eftirfarandi tafla sýnir skiptinguna eftir áhættusvæðum á árinu 1986 með samanburði við 1985:

| Áhættusvæði | Fjöldi skírteina í tryggingu |     | Fjöldi tjóna |     | Iðgjöld millj.kr. |     | Tjón millj.kr. |     | Tjón/Iðgjöld |        |
|-------------|------------------------------|-----|--------------|-----|-------------------|-----|----------------|-----|--------------|--------|
|             |                              | %   |              | %   |                   | %   |                | %   | 1986 %       | 1985 % |
| 1           | 85 623                       | 57  | 8 421        | 67  | 467               | 64  | 503            | 66  | 108          | 108    |
| 2           | 28 265                       | 19  | 1 960        | 16  | 115               | 16  | 107            | 14  | 93           | 103    |
| 3           | 29 389                       | 19  | 1 626        | 13  | 104               | 14  | 114            | 15  | 110          | 94     |
| 4*          | 7 864                        | 5   | 570          | 4   | 42                | 6   | 39             | 5   | 93           | 118    |
| Alls        | 151 141                      | 100 | 12 577       | 100 | 728               | 100 | 763            | 100 | 105          | 105    |

\* Landið allt.

Ekki er tekið tillit til rekstrarkostnaðar félaganna í fyrrgreindum tölum. Á grundvelli þessara og annarra gagna voru 2. og 3. áhættusvæði sameinuð 1. mars 1988. Með reglubundnum athugunum á þessum þáttum eru forsendur fyrir mismunandi iðgjöldum skoðaðar hjá eftirlitinu.

Sex af átta félögum eru meðtalin í töflunni hér að framan. Hafa verður í huga að einkum slysatjónin geta valdið töluverðum sveiflum milli ára og að ekki er unnt að reikna út iðgjöldin fyrir fram þannig að alger jöfnuður náist milli landshluta eða áhættusvæða.

Að gefnu tilefni skal bent á að hin mikla hækkun iðgjalda á ábyrgðartryggingu ökutækja á yfirstandandi ári er að verulegu leyti til komin vegna slæmrar tjónareynslu á síðasta ári og hækkunar verðlags. Einnig kemur til aukin váttryggingarvernd samkvæmt nýjum umferðarlögum sem tóku gildi 1. mars sl. Hefur þetta leitt til þess að tap hefur verið á ábyrgðartryggingum ökutækja. Samkvæmt lögum um váttryggingarstarfsemi skal hver váttryggingagrein rekin fjárhagslega óháð öðrum og er því óheimilt að flytja tap einnar greinar, t.d. váttryggingar ökutækja, yfir á aðrar greinar. Fyrir því verður hver váttryggingagrein að standa undir sér sjálf.